

um frumvarp til laga um laxveiði (þingskjal 59).

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er endurskoðun á núgildandi lögum um friðun á laxi, frá 19. febr. 1886, og viðauki við þau. — Eftir lögunum er veiðitíminn 3 mánuðir á hverju sumri, og skal sýslunefndin í hverju hjeraði setja fastar reglur um það, hve nær veiðitíminn skuli byrja og enda. Í frumvarpinu er veiðitíminn *ákveðinn* 2½ mánuður, eða frá 15. júní til 30. ágúst. — Á veiðitímanum er lax *nú* friðaður 36 stundir á viku, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, en eftir frumvarpinu er ætlast til, að þessi friðunartími sje *84 stundir* á viku hverri, eða frá miðnætti aðfaranótt laugardags til hádegis á þriðjudögum. — Lögin banna að leggja net út frá báðum löndum, nema svo sje lagt, að 30 faðma bil eftir endilangri ánni sje milli veiðivjela. En frumvarpið segir, að aldrei megi leggja net, garða eða neitt annað, er tefji laxgöngu, svo »að skemra sje í milli en 190 metrar af lengd árinna landa í milli«. Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir, að stærð möskvanna í lagnetum sje aukinn, eða að ummál þeirra sje 26 cm. (10¼ þuml.) í stað 23,5 cm. (9 þuml.), sem ákveðið er í lögunum um *öll laxanet*. Hins vegar getur frumvarpið *ekki* um möskvastærðina í *ádráttarnetum*.

Frumvarpið leyfir að nota til laxveiða lagnet, dráttarnet og veiðistengur, en bannar allar aðrar veiðiaðferðir og veiðarfæri, svo sem laxkistur, laxkvíar, eða aðrar fastar veiðivjelar, dráttarnet með poka (botnvörpur), laxasting, krók eða annan þvilikan útbúnað. Aftur á móti heimilar frumvarpið að setja laxstiga í alla fossa, grafa niður árfarvegi, ámót og árósa, og greiða með því fyrir laxgöngu hvarvetna (samanber 6.—8. gr.).

Þá eru í frumvarpinu ný ákvæði um skipun laxveiðastjórnar, er skipuð sje minst þrem mönnum, kosnum af laxveiðendum, eða þeim sem laxveiðirjett hafa, og skulu þeir kosnir til þriggja ára í senn. Skal þessi laxveiðastjórn »hver í sínu takmarki« ákveða veiðistöðvar (lagnir og lagneta-stæði), og skrá þær í sjerstaka bók, sem til þess sje löggilt. »Enga veiðistöð má nota, nema hún sje ákveðin og lögskráð af laxveiðastjórn«. Laxveiðastjórn skal ákveðin þóknun af þeim, er hana kjósa, fyrir hverja veiðistöð, er þeir lögskrá. Skulu hlutaeigendur veiðistöðva greiða gjaldið, og er lögskráningin eigi gildandi fyr en það er greitt.

Hreppstjórar skulu hafa eftirlit með, að lögin sjeu haldin.

Sektir fyrir brot eftir frumvarpinu varða frá 50—2000 kr., er fari hækkandi ef brotið er endurtekið. — Í núgildandi lögum um þetta efni eru sektirnar ákveðnar alt að 100 kr.

Ákvæðum 6. gr. laxfriðunarlaga frá 19. febr. 1886, um *fjelagsveiði* í ám til meiri friðunar en lögin sjálf ákveða, er alveg slept, og sömuleiðis fyrir mælum sömu gr. og 7. gr. um heimild sýslunefnda til að setja reglugerðir, er ákveði skýrar en gert er í lögunum um ýms atriði þeirra.

Eins og þegar er sýnt, gerir þetta frumvarp um laxveiði ýmsar verulegar breytingar á laxfriðunarlögunum. Sumar þær breytingar eru vafalaust til bóta, t. d. um styttingu veiðitímans, aukna möskvastærð, takmörkun veiðiáhalda og veiðiaðferða o. fl. Hins vegar telur nefndin ýmsar aðrar breytingar, er frumvarpið ræðir um, all-varhugaverðar. Má þar til nefna ákvæðið um 84 klukkustunda friðunina á viku hverri. Er hætt við, að reynt yrði að fara í kring um það, enda erfitt og nokkuð kostnaðarsamt að lita eftir, hvort lögin í þessu efni væru haldin eða ekki. Þessi takmörkun á veiðirjettinum mundi einnig mælast illa fyrir hjá flestum laxveiðendum, ef ekki öllum. Hitt mundi, ef til vill, reynast vinsælla, að fella niður þá 36 stunda friðun á viku, sem ákveðin er í laxfriðunarlögunum, en fyrirskipa í stað þess viku hlje á allri laxveiði í *ótt skifti* ár hvert yfir allan hinn lögakveðna veiðitíma, eins og farið var fram á í frumvarpi því um laxveiðar, er flutt var á Alþingi 1901.

Einnig virðist nefndinni, að ákvæðin í frumvarpinu um ádráttarveiði vera full rúm, og breytingin frá því, sem ákveðið er í laxfriðunarlögunum, að því er þessa veiðiaðferð snertir, vera sist til bóta.

Nefndin er einnig í mjög miklum vafa um þörf og gagnsemi laxveiðastjórnar þeirrar, er frumvarpið mælir fyrir um, að skipuð verði. Starf hennar mundi reynast vandasamt og miður vinsælt. Það mundi naumast verða hjá því komist, þegar farið yrði að ákveða veiðistöðvar í ám, að brjóta yrði sumstaðar í bág við rjett einstakra manna til lagna og veiðistöðva, er þeir hafa áður notað óátalið, eða verið notaðar af ábúendum viðkomandi veiðijarðar, jafnvel frá ómuna tíð. Það kemur ljósast fram, að þannig gæti farið, þegar athugað er ákvæði 3. gr. um 190 metra millibil milli neta eða lagna, borið saman við fyrirmæli frumvarpsins ( í 10. og 11. gr.) um starfsvið og skyldur laxveiðastjórnar. Menn mundu kunna því illa að verða að leggja niður gaml- ar og góðar laxnetalagnir, er þeir hafa áður stundað um langt skeið. En hjá því yrði naumast komist, þar sem lagnir eru þjettar eins og sumstaðar er, t. d. í Hvitá í Borgarfirði og Ölfusá. Sjerstaklega mundi það geta valdið þrætu, óánægju og jafnvel misrjetti, ef tveir laxveiðendur ættu sína lögnina hvor, en svo skamt væri í milli, að það riði í bág við lögin. Annarhvor yrði að vikja eða leggja niður sína lögn, en hvorugur þættist, fremur hinum, skyldugur til þess. — Hvernig færi þá?

Án þess að nefndin vilji fara lengra út í þetta mál — laxveiðastjórnina og starfsvið hennar —, þá dylst henni það ekki, að hjer er um mesta vanda- ákvæði að ræða, og mjög vafasamt, hvort hentugt sje, eins og hjer hagar til, eða rjett, að lögleiða slíka laxveiðastjórn, sem frumvarpið ráðgerir.

Ástæða væri til að leita álits laxveiðenda um þetta atriði og fleira í frumv., áður en það yrði að lögum.

Árið 1899 leitaði fiskifræðingur landsins, *Bjarni kennari Sæmundsson* álits helstu laxveiðenda í landinu um það, hver ráð væru vænlegust til þess að vernda og efla laxveiðina, og hverra breytinga þeir óskuðu helst á laxfriðunar- arlögunum frá 1886. Svörin flestra voru á þá leið, að stytta þyrfti veiðitímann og auka friðunina. Með hliðsjón af skýrslum laxveiðenda hjó fiskifræðingurinn til frumvarp um laxveiðar. Frumvarp samhljóða því var síðan flutt á Alþingi 1901. Það var samþykkt í neðri deild, en dagaði uppi í efri deild.

Síðan hefir laxveiðamálinu ekki verið hreyft á Alþingi, nema hvað fyrir

aukaþinginu 1914 lá frumvarp um að heimila sýslunefnd Árnassýslu að setja reglur um laxveiði í Hvítá og Ölfusá sem undanþágu frá 36 klukkustunda friðun þeirri, er getur í 1. gr. laxfriðunarlaganna frá 1886.

Nefndinni er heldur ekki kunnugt um, að þinginu hafi um undarfarin ár borist óskir, sist almennar, um breytingu á nágildandi lögum um laxveiði. Og hvergi hefir, svo nefndin hafi orðið vör við, verið minst á þetta mál á þingmálafundum í vor er leið. Það virðist því ekki vera neinn sjerstakur áhugi fyrir því meðal laxveiðenda, að lögnum sje breytt.

Að öllu þessu athuguðu, sem hjer hefir verið fram tekið, virðist nefndinni, að ekki geti komið til mála að afgreiða þetta frumvarp um laxveiði frá þinginu að þessu sinni. Hins vegar telur hún málið þess vert, að það sje athugað, og að laxveiðendur fái að segja sitt álit um það.

Fyrir því gerir nefndin það að tillögu sinni, að þessu máli verði vísað til stjórnarinnar, í því skyni, að stjórnin leiti umsagna laxveiðenda um frumvarpið, og leggi síðan álit þeirra fyrir Alþingi á sínum tíma.

Alþingi, 7. sept. 1917.

Stefán Stefánsson,  
formaður.

Sigurður Sigurðsson,  
framsögumaður.

Jón Jónsson.

Pjetur Þórðarson.

Einar Árnason.